

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um rekstur mötuneyta leik- og grunnskóla

Lagt er til að leik- og grunnskólar í Reykjavík séu ávallt með sín eigin mötuneyti og eldi mat á staðnum. Matur sé ávallt eldaður og fullbúinn í eldhúsum leik- og grunnskóla. Börn séu þar að auki fengin til að taka þátt í undirbúningi, ræktun og matargerð þegar því verði við komið og eigi þannig hluti í matarmenningu skólans.

Greinargerð:

Aðkeyptur matur frá miðlægu eldhúsi samræmist ekki matarstefnu Reykjavíkurborgar. Í henni kemur fram að í skólum og félagsstarfi skuli matur vera nýttur til menntunar og börn taki þátt í henni. Að hann sé eldaður á miðlægum stað langt frá leik- og grunnskólum vinnur gegn því markmiði. Í matarstefnu Reykjavíkur kemur einnig fram að matur eigi að vera mikilvægur þáttur í menntun barna og starfsemi skóla í Reykjavík. Í gegnum mat sé hægt að læra og vel nærð börn eigi þar fyrir utan betur með að læra í hinum hefðbundnu námsgreinum. Þessi tillaga vinnur að því að borgin framfylgi eigin matarstefnu.